

1. JÚNÍ 2021

Bréfalykill: 09.03.04

Góðan dag,

Hér kemur svar við grenndarkynningu sem barst þann 18. maí síðastliðinn.

Á þeim stutta tíma sem gefin var til svars var eins vel og hægt var farið yfir allar staðhæfingar sem í bréfinu voru. Grenndarkynningin er undirrituð 10. maí, pósthimpillinn er 12. maí en berst svo í pósti 18. maí og er þar rúm vika sem skerðist af umhugsunartíma og þar af leiðandi er sjálfsagt fleira sem hægt væri að gera athugasemdir við.

Ekki er vitað til þess að neinn sé með jörðina á leigu til sauðfjárbæitar. Hinsvegar eru engar girðingar á jörðinni og ekki er hægt að komast fyrir það að sauðfé fari þar um.

Því er haldið fram að svæðið sem um ræðir sé ekki nothæft í hefðbundin tún og þar séu engin merki um athafnasemi manna en hvoru tveggja er ekki talið rétt því að meirihluti þess er nothæft í hefðbundin tún og á svæðinu eru gamlar manngerðar mógrafir. Einnig er því haldið fram að á svæðinu séu engar mýrar sem eru 1ha að stærð eða stærri, mýrlendi þar er allavega um 9ha að stærð (sjá mynd 4).

Hvað varðar útlitshönnun og staðsetningu með tilliti til þess hvort sjáist í svæðið frá þjóðvegi er alfarið dregið í efa að skógræktarráðgjafinn Arnlín Óladóttir hafi mætt á svæðið, ef svo hefur verið, þá hefur hún komið í myrkri eða með bundið fyrir bæði augu nema hvoru tveggja sé. Búðardalur er um það bil 12km langur og er svæðið sem um ræðir u.þ.b. 2km frá minni dalsins og getur það engan veginn talist innarlega í Búðardal. Sést svæðið vel frá þjóðvegi 590 á um 615m kafla austan megin við Búðardalsá. Einnig sést það á stuttum kafla vestan megin við ána (sjá myndir 1-3). Skógræktarsvæðið sést einnig vel frá Tindum (sjá mynd 5).

Gengið hefur vel í skógrækt í landi Búðardals og er hún orðin töluverð. En í þau 15 ár sem Heiðardalur ehf. hefur stundað skógrækt í Búðardal hefur þar aldrei verið fjárheld girðing og er ekki trúlegt að þau mál verði með öðrum hætti á Barmi.

Einnig er gerð athugasemd við afgreiðslu þessa máls í umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn en þar reynir hvorug nefndin að sannreyna staðhæfingar skógræktarráðgjafa. Að auki er gerð athugasemd við það að oddviti sveitarstjórnar víkur af sveitarstjórnar fundi þann 15.04.2021 við afgreiðslu þessa máls og eru engar skýringar þar gefnar á.

Klj. m. 1. Júní 2021

Hermann Karlsson



Myndir:



Yfirlitsmynd. Hér sjást staðsetningar þar sem myndirnar voru teknar.




Mynd 1






Mynd 2



Mynd 3





Mynd 4. Innan hvítu línanna er mýrlendi.



Mynd 5